Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 92/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Hólm Sigurðssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Bifreiðir. Umferðarlög. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með stefnu 26. febrúar 1996. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 18. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 14/1996: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í

Reykjavík, dagsettu 8. janúar sl., á hendur ákærða, Sigurði Hólm Sigurðssyni, Yrsufelli 15 í Reykjavík, kt. 010563–2839.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka bifreiðinni Z–3350 aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember 1995 sviptur ökurétti um ýmsar götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Réttarholtsvegi við Hæðargarð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er gefið að sök og er rétt fært til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hófst sakaferill hans árið 1979. Hann hefur verið sakfelldur fyrir dómi 34 sinnum, 28 sinnum með dómi og 6 sinnum með sáttum. Fyrir 18 ára aldur var ákærði sakfelldur fjórum sinnum fyrir þjófnað, nauðgun, nytjastuld og umferðarlagabrot. Tvisvar hefur ákærði gengist undir sektargreiðslur fyrir fíkniefnabrot. Sex sinnum hefur hann sætt refsingu fyrir áfengislagabrot, 14 sinnum fyrir umferðarlagabrot og 24 sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir nauðgun, fjórum sinnum fyrir líkamsárásir, tvisvar fyrir rán, einu sinni fyrir húsbrot og síðast fyrir líflátshótanir við opinberan starfsmann. Hann hefur samtals verið dæmdur á sl. rúmum 15 árum til að sæta óskilorðsbundinni frelsissviptingu í 12 ár, 3 mánuði og 15 daga.

Frá árinu 1980 hefur ákærði verið sakfelldur fyrir réttindaleysi við akstur í um 15 skipti og þrívegis verið dæmdur í tímabundna sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi og 5 sinnum verið sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi, síðast árið 1988, en árið 1992 var ákærði síðast sakfelldur fyrir að aka sviptur ökurétti.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða er ljóst, að hann er vanaafbrotamaður, og þykir refsing hans af þeim sökum hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns.

1991

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns.